



Skorradalshreppur  
Hvanneyrargötu 3  
311 Borgarnes

Dagsetning 4. desember 2024  
Málsnúmer IRN24030010

## Beiðni Landsnets um skipan sérstakrar raflínunefndar vegna Holtavörðuheildarlínu 1

Með erindi dags. 25. október sl. hefur Landsnet á ný óskað eftir því að ráðherra skipi sérstaka raflínunefnd skv. 9. gr. a skipulagslaga nr. 123/2010 vegna Holtavörðuheildarlínu 1. Þá bárust ráðuneytinu frekari upplýsingar og rök Landsnets fyrir þörf og nauðsyn þess að raflínunefnd verði skipuð með bréfi fyrirtækisins dags. 29. nóvember sl. Ráðuneytið hafnaði fyrri beiðni Landsnets um skipun raflínunefndar vegna Holtavörðuheildarlínu 1 með bréfi dags. 10. júlí sl. þar sem ekki þótti sýnt fram á að skilyrðum þess að skipa slíka nefnd væri fullnægt.

Í nýrri umsókn Landsnets eru færð fram rök fyrir mikilvægi þess að skipuð verði sérstök raflínunefnd vegna Holtavörðuheildarlínu 1 til að nauðsynlegar úrbætur á flutningskerfi raforku teyfist ekki að óþörfu, sem og fyrir því mati fyrirtækisins að lagaleg skilyrði þess að skipa nefndina séu til staðar. Þá kemur þar einnig fram að eftir að fyrri beiðni um skipun raflínunefndar var lögð fram hafi Landsnet hafi átt í viðræðum við þau fjögur sveitarfélög sem aðild eiga að málinu, þ.e. Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Skorradalshrepp og Húnaþing vestra, um fyrirkomulag og forsendur raflínuskipulags.

Áður en tekin verður afstaða til nýrrar umsóknar Landsnets um skipun sérstakrar raflínunefndar vegna Holtavörðuheildarlínu 1 óskar ráðuneytið eftir afstöðu Skorradalshrepps til málsins. Er sérstaklega óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess mats Landsnets að rík þörf sé á skipan sérstakrar raflínunefndar vegna Holtavörðuheildarlínu 1 og þeirrar niðurstöðu fyrirtækisins að skilyrði þess séu fyrir hendi.

Er þess óskað að afstaða sveitarfélagsins berist ráðuneytinu eigi síðar en 31. desember nk.

F.h. ráðherra

  
Hildur Dungal

  
Ólafur Kr. Hjörtleifsson

Hjálagt: Bréf Landsnets, dags. 25. október og 29. nóvember 2024.

Afrit: Landsnet.